



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Fundur aðalstjórnar fimmtudagur 28. júlí 2011 kl. 17:15 í Stjörnuheimilinu.

Mættir: Jóhann Steinar Ingmundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Viðar Erlingsson (VE) og Victor Ingi Olsen (VIO), Sara Rut Unnarsdóttir og Sigrún Dan Róbertsdóttir boðuðu forföll. Einnig sat fundinn Páll Grétarsson framkvæmdastjóri félagsins sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar - samþykkt
2. Rekstraráætlanir deilda
Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu áætlana deilda. Farið var yfir drög að áætlunum handbolta kvenna og körfuknattleiksdeilda. Umræður. Áætlunum vísað til gjaldkera og framkvæmdastjóra til frekari úrvinnslu með deildunum.
3. Önnur mál
 - a. Formaður gerði grein fyrir fundi hans og framkvæmdastjóra með áhugafólki um stofnun skylmingadeilda innan félagsins.
 - b. Í dag var opnuð vefverslun í samstarfi við www.nammi.is. Um er að ræða tilraunverkefni sem vonast er til þróist í fullbúna lausn til sölu á Stjörnuvarningi.
 - c. Undirbúningur stefnumótunar félagsins er í farvegi.
 - d. Formaður gerði grein fyrir viðræðum hans og framkvæmdastjóra við Írisi íþróttaskólastjóra um áframhaldandi samstarf. Framkvæmdastjóri mun ræða betur við Írisi á næstu vikum.
 - e. Unnið er að undirbúningi fyrir fyrirhugaðan fund með bæjaryfirvöldum.

Næsti fundur aðalstjórnar verður haldinn fimmtudaginn 25. ágúst.

Fundi slitið kl. 18:55.

Ritað PGr.